

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 6. september kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 742. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Haukur Hafliði Nínuson.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Ingvar Jón Bates Gíslason og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Bergstaðastræti 2, (fsp) veitingastaður í** (01.171.3) Mál nr. SN190493
flokk II Skjalnr. 7254
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
640119-1280 101 Húseignir ehf., Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 26. ágúst 2019 varðandi veitingastað í flokki II á lóðinni nr. 2 við Bergstaðastræti. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. september 2019, samþykkt.
- Súðarvogur 44-48, (fsp) - 46 - Breyta 0203 í** (01.454.405) Mál nr. BN056528
íbúð Skjalnr.
430706-0390 Mítas ehf., Súðarvogi 44-48, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Mítas ehf. dags. 29. júlí 2019 varðandi breytingu á eignarhluta nr. 0203 úr vinnustofu í íbúð á lóðinni nr. 46 við Súðarvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. september 2019, samþykkt.
- Urðarbrunnur 128, (fsp) nýbygging** (05.054.2) Mál nr. SN190479
Skjalnr. 12117
Arnar Bragason, Krummahólar 2, 111 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Arnars Bragasonar dags. 19. ágúst 2019 varðandi nýbyggingu á lóð nr. 128 við Urðarbrunn, samkvæmt uppd. Arnars Bragasonar ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. september 2019, samþykkt.

4. **Bergstaðastræti 27, Flytja hús og nýbygging** (01.184.414) Mál nr. BN055857
Skjalnr. 7180
440915-1320 Bergstaðastræti 27 ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að flytja friðað timburhús um lengd sína til suðurs á nýjan steinsteypnan kjallara, endurgera og innrétta tvær íbúðir og til að rífa, endurbyggja og stækka steinhús sem fyrir er á lóð og innrétta átta íbúðir á lóð nr. 27 við Bergstaðastræti, samkvæmt uppráttum Glámu-Kím dags. 26. febrúar 2019. Einnig eru lagðir fram skýringaruppdrættir Glámu-Kím dags. 14. mars 2019, skuggavarsuppdrættir Glámu-Kím dags. 28. mars 2019 og götummyndir ódags. Erindi var grenndarkynnt frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Steinunn Sveinbjarnardóttir, Helga Völundardóttir, Mímir Völundarson og Lind Völundardóttir dags. 4. maí 2019, Guðrún Jarþrúður Baldvinsdóttir og Hildur Heimisdóttir dags. 5. maí 2019, Ásdís Thoroddsen dags. 11. maí 2019, Sigríður Halldórsdóttir dags. 11. maí 2019, Steinunn Stefánsdóttir dags. 12. maí 2019, Anna Lára Lárusdóttir dags. 13. maí 2019, Katrín Rós Gýmisdóttir f.h. eigenda að Bergstaðastræti 28 dags. 13. maí 2019, Katrín Rós Gýmisdóttir f.h. Ránarhóls ehf. dags. 13. maí 2019, Baldur Héðinsson og Anna Helga Jónsdóttir dags. 13. maí 2019 og Húseigendafélagið f.h. Telmu Huld Jóhannesdóttur dags. 13. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 25. febrúar 2019, greinargerð um hita- og rakaástand, minnisblað um burðarvirki og lagnir dags. 22. febrúar 2019 og minnisblað um hljóðvist dags. 22. febrúar 2019. Eftir stækkun, mhl. 01, A-rými: 172,3 ferm., 514,8 rúmm. Mhl. 02, A-rými: 640,1 ferm., 1.946,2 rúmm. B-rými: 17,7 ferm., 49,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
5. **Vesturberg 129-135, (fsp) sólskáli** Mál nr. SN190445
Skjalnr. 14159
Lilita Novikova, Vesturberg 129, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Lilita Novikova dags. 18. júlí 2019 um að setja sólskála við vesturhlið hússins nr. 129 á lóð nr. 129-135 við Vesturberg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Grjótagata 6, synjun á rekstrarleyfi fyrir gististað** (01.136) Mál nr. SN190492
Skjalnr. 6518
541201-5210 Art Centrum sf., Grjótagötu 6, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram bréf Elínar Eddu Árnadóttur og Sverris Guðjónssonar ódags. varðandi synjun á rekstrarleyfi gististaðar Art Centrum að Grjótagötu 6. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.
7. **Langagerði 48, Breyting á BN033298** (01.832.105) Mál nr. BN055284
Skjalnr. 11073
Auðunn Jóhann Guðmundsson, Langagerði 48, 108 Reykjavík
Magdalena Elísabet Andrésdóttir, Langagerði 48, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033298 þannig að núverandi svalir eru fjarlægðar, komið verður fyrir svölum sem eru 160cm x 260 cm á þak og gluggum breytt á húsinu á lóð nr. 48 við Langagerði.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. nóvember 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018. Gjald kr. 11.000 + 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
8. **Höfðabakki 5, breyting á deiliskipulagi** (04.070.0) Mál nr. SN190369

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - Eystri vegna lóðarinnar nr. 5 við Höfðabakka. Í breytingunni felst að koma fyrir fimm smáhýsum á lóðinni en Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni. Við breytinguna minnkar nýtingarhlutfall lóðarinnar og byggingareitur færast, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Stika ehf. dags. 13. júní 2019. Tillagan var auglýst frá 24. júlí til og með 4. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Lögmál ehf. f.h. Vélvík ehf. dags. 3. september 2019, Megin lögmansstofa f.h. Opus fasteignafélag ehf. dags. 3. september 2019, Juris f.h. Odda prentunar og umbúða ehf. dags. 3. september 2019, XXXX

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

9. **Mávahlíð 5, (fsp) skipta íbúð upp í tvær íbúðir** (01.702.115) Mál nr. SN190517
Skjalnr. 14176
Einar Ingi Ágústsson, Skipasund 36, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Einars Inga Ágústssonar dags. 2. september 2019 um að skipta íbúð sem er á efri hæð og risi hússins á lóð nr. 5 við Mávahlíð í tvær íbúðir.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Leifsgata 11, (fsp) - Breyting á bílskúr** (01.195.013) Mál nr. BN056542
Skjalnr. 14175
Hjálmtýr Bergsson Sandholt, Leiðhamrar 12, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. september 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fái til þess að breyta bílskúr þannig að í stað bílskúrshurðar komi gluggi og hurð, gluggar á gafli verði endurnýjaðir, innveggir settir upp og sturta og klósett tengt inn á eldri lögn á lóð nr. 11 við Leifsgötu.
Erindi fylgja afrit af ljósmyndum teknum af núverandi ástandi bílskúrs og afrit af tölvupósti frá umsækjanda dags. 28. ágúst 2019.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Stórhöfði 15, staðsetning ökutækjaleigu** (04.038.8) Mál nr. SN190519
Skjalnr. 8384
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 31. ágúst 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Ragnars Þórs Ægissonar f.h. Rent me a car um að reka ökutækjaleigu að Stórhöfða 15. Sótt er um leyfi fyrir allt að 80 ökutækjum í útleigu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Hverfisgata 16, (fsp) breytingar inni f.verslun fl. 1** (01.171.003) Mál nr. SN190530
Skjalnr.
Hassan Haidari, Grensásvegur 52, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hassan Haidari dags. 2. ágúst 2019 varðandi breytingu á verslunarrými í húsinu á lóð nr. 16 við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. september 2019, samþykkt.
13. **Þórsgrata 13, (fsp) bílastæði** (01.181.1) Mál nr. SN190384
Skjalnr. 11489

Julian Mark Williams, Þórsgata 13, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Julian Mark Williams dags. 21. júní 2019 um að setja bílastæði á lóð nr. 13 við Þórsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Erindinu var vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn samgöngustjóra dags. 2. september 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2019.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2019 og umsögn samgöngustjóra dags. 2. september 2019.

14. **Haukahlíð 1, Breytt skráningartafla - mhl.02** (01.629.102) Mál nr. BN056580
- breytingar inn og úti Skjalnr. 14173

450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054935 þannig að stærð tæknirýmis og fjölda geymslna í kjallara er breytt, innra fyrirkomulag salerna breytist á öllum hæðum, hætt er við svalir á 5. hæð og þess í stað komið fyrir þaksvölum, kassar utan um svalir fjarlægðir og svalir færðar til í fjölbýlishúsi, mhl. 02, á lóð nr. 1 við Haukahlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019. [Stækkun er nú : XX ferm., XX rúmm og það sem þarf að borga af er 110 ferm. Gjald kr. 11.200

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr.umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019.

15. **Haukahlíð 1, Ýmsar breytingar - mhl. 04** (01.629.102) Mál nr. BN056583
Skjalnr. 14173

450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055415 þannig að svalir á norður hlið eru stækkaðar, kassar utan um svalir íbúða 0205, 0305, 0405 og 0501, á vestur horni og suðurhlið eru fjarlægðir, inngangshurð færast til, innra skipulagi íbúða 0501 og 0503 breytist og salarhæð kjallara breytist í fjölbýlishúsi, mhl.04 á lóð nr. 1 við Haukahlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019. Stækkun A rýmis er: 19,4 ferm., 99,4 rúmm. Stækkun B rýmis er minnkun : -33,9,0 ferm., -216,6 rúmm. Gjald kr. 11.200

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr.umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019.

16. **Haukahlíð 1, Breytingar - mhl.03** (01.629.102) Mál nr. BN056582
Skjalnr. 14173

450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055293 þannig að tæknirými færast til og stærðir geymslna í kjallara 00 breytast, innra fyrirkomulag salerna og eldhúsa á öllum hæðum er breytt, stærðum á sérafnotafata er breytt auk þess sem gerð utanhússklæðningar breytist í mhl. 03 á lóð nr. 1 við Haukahlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019.

[Minnkun er nú á A rýmum : -2,6 ferm., -169,6 rúmm. Minnkun er nú á B rýmum : -26,0 ferm., -105,1 rúmm. Gjald kr. 11.200

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr.umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019.

17. **Haukahlíð 1, Ýmsar breytingar - mhl. 05** (01.629.102) Mál nr. BN056584
Skjalnr. 14173

450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055148 þannig að tæknirými er fært til og geymslum í kjallara er breytt í kjallara sem tengdur er við kjallara mhl.01 um slúsu milli kjallara K1 og K2, stærðum sérafnotaflata er breytt, hætt við göt í plötur framan við glugga á svalagöngum, opnað verður inn á svalaganga, innra fyrirkomulag salerna á öllum hæðum er breytt og utanhússklæðningum er breytt í fjölbýlishúsi, mhl.05, á lóð nr. 1 við Haukahlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019.

Stækkun A rýmis er: 28,6 ferm. og minnkun er rúmm er -133,2 rúmm. Stækkun B rýmis er: 58,0 ferm., 140,1 rúmm. Gjald kr. 11.200

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr.umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019.

18. **Reitur 1.240.3, Snorrabraut, Grettisgata,** (01.240.1) Mál nr. SN190374
Rauðarárstígur og Njálsgata, nýtt Skjalnr. 13095
deiliskipulag

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar dags. 20. júní 2019 um gerð nýs deiliskipulags fyrir reit 1.240.1 sem afmarkast af Grettisgötu, Rauðarárstíg, Njálsgötu og Snorrabraut. Í tillögunni felst uppbygging á lóð nr. 89 við Njálsgötu fyrir leikskóla og þjónustumiðstöð, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssvið dags. 18. júní 2019. Einnig er lögð fram húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur frá 2004. Tillagan var auglýst frá 24. júlí til og með 4. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ingunn Helga Hafstað f.h. MSG ehf. dags. 30. ágúst 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

19. **Framnesvegur 29, (fsp) inndreginn þakhæð** (01.134.5) Mál nr. SN190499
Skjalnr. 14174

660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Ólafur Ingi Jónsson, Framnesvegur 29, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 27. ágúst 2019 um að setja inndregna þakhæð á húsíð á lóð nr. 29 við Framnesveg, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. í ágúst 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

20. **Laugavegur 132, Kvistir - svalir - nýir** (01.241.004) Mál nr. BN055964
gluggar Skjalnr. 10559

Eiríkur Benónýsson, Kvistaland 16, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að gera kvisti á báðar þekjur hússins, nýjum gluggum og setja svalir á suðurhlíð húss á lóð nr. 132 við Laugaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí 2019 og bréf Eiríks Benónýssonar og Margrétar Hjaltested dags. 15. ágúst 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2019.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15., 24. og 28. febrúar 2019, afrit af skráningartöflu dags. 24. október 2018 og bréf til byggingarfulltrúa dags. mars 2019 og bréf til skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2019. Stækkun: XX. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. september 2019, samþykkt.

21. **Korngarðar 1, Ný viðbygging** (01.323.101) Mál nr. BN056501
Skjalnr. 12165

670203-2120 Hagar hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr stálgrind klæddri berandi steinullaplötum og staðsteyptum veggjum að hluta, fyrir pökkun, lager, kæli og frystigeymslur, á vesturhluta lóðar nr. 1 við Korngarða. Einnig er lagður fram tölvupóstur byggingarfulltrúa dags. 2. september 2019 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka.

Stærðir mhl-03: Samtals A-rými: 4.396,1 ferm., 79.514,8 rúmm. Samtals B-rými: 43,6 ferm., 150,0 rúmm. Samtals A- og B rými: 4.439,7 ferm., 79.664,8 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 18. júlí 2019, afrit af umsókn til Vinnueftirlitsins dags. 17. júlí 2019, mæliblað dags. apríl 2014 og afrit af gildandi aðaluppdráttum samþ. 1. nóv. 2016. Gjald kr. 11.200)

Erindi dregið til baka skv. tölvupósti byggingarfulltrúa dags. 2. september 2019.

22. **Blesugróf 12, Parhús** (01.885.506) Mál nr. BN056547
Skjalnr. 13852
700610-0630 Borgarvirki ehf., Pósthólf 10015, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja parhús á einni hæð á lóð nr. 12 við Blesugróf. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.
Stærð: 263,4 ferm., 906,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. september 2019, samþykkt.
23. **Vatnsveituvegur 4, (fsp) - Létt viðbygging** (04.767.701) Mál nr. BN056626
Skjalnr. 13238
fyrir skrifstofuaðstöðu
Magnús H Ólafsson, Merkigerði 18, 300 Akranes
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. september 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að byggja léttu byggingu fyrir skrifstofuaðstöðu við dýraspítalann í Víðidal á lóð nr. 4 við Vatnsveituveg.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist deiliskipulags.
24. **Esjugrund 55, (fsp) - Aukahús á lóð** (32.474.607) Mál nr. BN056627
Skjalnr. 10259
Magnús H Ólafsson, Merkigerði 18, 300 Akranes
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. september 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fái til þess að byggja aukahús með íbúð að grunnfleti 38,8 ferm. á lóð nr. 55 við Esjugrund.
Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi.
25. **Elliðaárdalur, framkvæmdaleyfi** (04.2) Mál nr. SN190511
Skjalnr. 5813
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 30. ágúst 2019 um framkvæmdaleyfi vegna Elliðaárdals. Framkvæmdin felst í gerð göngu- og hjólastígs meðfram Reykjanesbraut frá Stekkjarbakka að Fagrahvammi. Einnig lagðar fram teikningar Umhverfis- og skipulagssviðs dags. ágúst 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
26. **Eiðsgrandi, framkvæmdaleyfi** (01.5) Mál nr. SN190510
Skjalnr. 5357
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 30. ágúst 2019 um framkvæmdaleyfi vegna Eiðsgranda. Framkvæmdin felst í gerð hjólastígs meðfram Eiðsgranda frá bæjarmörkum Seltjarnarnesbæjar að þverstíg til móts við Boðagrandu. Einnig lagðar fram teikningar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. ágúst 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019. *Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019. Vísad til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

27. **Bústaðavegur, Háaleitisbraut -**

Mál nr. SN190404
Skjalnr.

Kringlumýrarbraut, framkvæmdaleyfi

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg dags. 28. ágúst 2019 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu hjólastígs meðfram Bústaðaveg frá Háaleitisbraut að Kringlumýrarbraut samsíða núv. göngustíg. Einnig lagt fram teikningasett dags. 6. febrúar 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2019. Vísad til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

28. **Hlemmur +, 1.241.0, 1.241.1 -**

Mál nr. SN190528
Skjalnr.

**Hampiðjureitir, breyting á skilmálum
deiliskipulags**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 5. september 2019 að breytingu á skilmálum deiliskipulags "Hlemmur + 1.241.0, 1.241.1 Hampiðjureitir". Í breytingunni felst að skilgreina nánar heimild í deiliskipulagi vegna minniháttar breytinga varðandi kvisti og svalir.

Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Haukur Hafliði Nínuson